

**FRAMKVÆMDARTILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2024/3010****2025/EES/73/06****frá 29. nóvember 2024****um breytingu á tilskipunum ráðsins 2002/55/EB og 2002/57/EB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar
93/61/EBE að því er varðar skráningu plöntuskaðvalda á fræjum og öðru plöntufjölgunarefni (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs ⁽¹⁾, einkum 45. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/57/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu olíu- og trefjaplöntufræs ⁽²⁾, einkum 24. gr.,með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2008/72/EB frá 15. júlí 2008 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi ⁽³⁾, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2072 ⁽⁴⁾ er tekin saman skrá yfir ókvíða skaðvalda sem reglur hafa verið settar um í Sambandinu (hér á eftir nefndir ókvíðir skaðvaldar). Þar eru enn fremur settar fram kröfur varðandi flutning inn á yfirráðasvæði Sambandsins eða tilflutning innan þess á tilteknum plöntum, plöntuafurðum og öðrum hlutum til að koma í veg fyrir að þessir skaðvaldar breiðist út á yfirráðasvæði Sambandsins.
- 2) Til að gæta samræmis ætti að laga þessar kröfur að viðkomandi kröfum sem settar eru fram í löggjöf Sambandsins að því er varðar setningu fræs og annars fjölgunar- og plöntunarefnis á markað.
- 3) Á grundvelli aðferða sem Samtök um plöntuvernd í Evrópu og á Miðjarðarhafssvæðinu (EPPO) hafa þróað ⁽⁵⁾ hefur Tobacco ringspot virus verið skráð í H-hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 sem ókvíður skaðvaldur með 0% viðmiðunarmörk í tengslum við olíu- og trefjaplöntufræ af *Glycine max* (L.) Merr.
- 4) Í tilskipun 2002/57/EB var komið á samræmdu vottunarkerfi fyrir framleiðslu og setningu olíu- og trefjaplöntufræs á markað innan Sambandsins, þ.m.t. kröfur um m.a. hámarkstilvist ókvíðra skaðvalda í því fræi. Af þessum sökum og til aðlögunar að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2072 er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að bæta við kröfum er varða Tobacco ringspot virus fyrir *Glycine max* (L.) Merr. (sojabauur). Með þeirri breytingu ætti að fastsetja viðmiðunarmörk við 0% fyrir þann skaðvald í öllum flokkum fræs af þeirri tegund til að tryggja samræmi við viðkomandi ákvæði í þeirri framkvæmdarreglugerð.
- 5) Tomato brown rugose fruit virus (ToBRFV) hefur breiðst víða út á yfirráðasvæði Sambandsins á undanförunum árum. Enn fremur kom fram í uppfærðri áhættugreiningu EPPO fyrir skaðvalda frá júní 2024 ⁽⁶⁾ að aðstæður varðandi þann skaðvald hafi breyst sem leiðir til aukinnar útbreiðslu um allan heim.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L, 2024/3010, 4.12.2024. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 188/2025 frá 19. september 2025 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2002/55/oj>.

(2) Stjtið. EB L 193, 20.7.2002, bls. 74, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2002/57/oj>.

(3) Stjtið. ESB L 205, 1.8.2008, bls. 28, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/2008/72/oj>.

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2072 frá 28. nóvember 2019 um að koma á samræmdum skilyrðum við framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2031 að því er varðar verndarráðstafanir gegn plöntuskaðvöldum og um niðurfellingu á reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 690/2008 og um breytingu á framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/2019 (Stjtið. ESB L 319, 10.12.2019, bls. 1, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2019/2072/oj).

(5) „A methodology for preparing a list of recommended regulated non-quarantine pests (RNQPs).“ EPPO Bulletin (2017) 47(3), bls. 551. <https://doi.org/10.1111/epp.12420>.

(6) EPPO (2024), „Pest risk analysis for tomato brown rugose fruit virus.“ EPPO, París. Aðgengilegt á <https://gd.eppo.int/taxon/TOBRFV/documents>.

- 6) Þar eð ToBRFV uppfyllir kröfurnar til að teljast ókvíður skaðvaldur hefur hún verið skráð í IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 með breytingu á henni með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2970 ⁽⁷⁾.
- 7) ToBRFV hefur verið skráð í E- og H-hluta IV. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 sem ókvíður skaðvaldur í tengslum við plöntur til plöntunar á *Solanum lycopersicum* L. og blendinga þeirra og plöntur til plöntunar á *Capsicum annuum* L., að undanskildum yrkjum sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV, með 0% viðmiðunarmörk varðandi tilvist á þessum plöntum. Frekari ráðstöfunum hefur verið beitt gegn þessum skaðvaldi sem settar eru fram í V. viðauka við þá framkvæmdarreglugerð varðandi flutning inn til Sambandsins og tilflutning innan þess á þessum plöntum til plöntunar.
- 8) Í tilskipun 2002/55/EB er komið á kröfum um setningu grænmetisfræs á markað innan Sambandsins, þ.m.t. kröfum um m.a. tilvist ókvíðra skaðvalda á því fræi. Af þessum sökum og til aðlögunar að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2072 er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að setja fram kröfur varðandi tilvist ToBRFV á fræi *Capsicum annuum* L. (paprika), að undanskildu fræi sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol fyrir ToBRFV, og varðandi tilvist skaðvaldsins á fræi *Solanum lycopersicum* L. (tómatar) og blendingum þeirra. Með þeirri breytingu ætti að fastsetja 0% viðmiðunarmörk fyrir tilvist þess skaðvalds í fræi af þeim tegundum til að tryggja samræmi við viðkomandi ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072.
- 9) Í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE ⁽⁸⁾ eru fastsett sértæk skilyrði og gæðastaðlar sem fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis, að undanskildu fræi, verða að uppfylla samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 92/33/EBE ⁽⁹⁾, þ.m.t. kröfur varðandi tilvist ókvíðra skaðvalda af tilteknum tegundum á því efni. Til aðlögunar að ákvæðum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2019/2072 er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að setja fram kröfur varðandi tilvist ToBRFV á fjölgunar- og plöntunarefni grænmetis, að undanskildu fræi af *Capsicum annuum* L. (paprika) og að undanskildu efni sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV. Af sömu ástæðum er nauðsynlegt að breyta þeirri tilskipun með því að setja fram kröfur varðandi tilvist skaðvaldsins á fjölgunar- og plöntunarefni, að undanskildu fræi, af *Solanum lycopersicum* L. (tómatar) og blendingum af því. Með þeim breytingum ætti að fastsetja 0% viðmiðunarmörk fyrir ToBRFV á fjölgunar- og plöntunarefni, að undanskildu fræi af þeim tegundum, til að tryggja samræmi við viðkomandi ákvæði í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072.
- 10) Þessi tilskipun ætti að koma til framkvæmda frá og með 1. júní 2025 til að gefa lögbærum yfirvöldum og rekstraraðilum meiri tíma til að laga sig að ákvæðunum.
- 11) Ákvæðin, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á tilskipun 2002/55/EB

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/55/EB er breytt eins og fram kemur í 1. lið viðaukans við þessa tilskipun.

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2024/2970 frá 29. nóvember 2024 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2072 að því er varðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir tilvist Tomato brown rugose fruit virus á plöntum til plöntunar á *Solanum lycopersicum* L. og blendingum þeirra og *Capsicum annuum* L. og um að fastsetja tíðni opinbers eftirlits (Stjtið. ESB L 2024/2970, 2.12.2024, ELI: http://data.europa.eu/eli/reg_impl/2024/2970/oj).

⁽⁸⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/61/EBE frá 2. júlí 1993 um yfirlit yfir skilyrðin sem uppfylla þarf að því er varðar fjölgunar- og plöntunarefni matjurta, að undanskildu fræi, í samræmi við tilskipun ráðsins 92/33/EBE (Stjtið. EB L 250, 7.10.1993, bls. 19 ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1993/61/oj>).

⁽⁹⁾ Tilskipun ráðsins 92/33/EBE frá 28. apríl 1992 um markaðssetningu á fjölgunarefni og sáðplöntum matjurta, að undanskildu fræi (Stjtið. EB L 157, 10.6.1992, bls. 1, ELI: <http://data.europa.eu/eli/dir/1992/33/oj>).

2. gr.

Breyting á tilskipun 2002/57/EB

Ákvæðum II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB er breytt eins og fram kemur í 2. lið viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Breyting á tilskipun 93/61/EBE

Ákvæðum viðaukans við tilskipun 93/61/EBE er breytt eins og fram kemur í 3. lið viðaukans við þessa tilskipun.

4. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. maí 2025. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. nóvember 2024.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

VIÐAUKI

1. Í b-lið 3. liðar II. viðauka við tilskipun 2002/55/EB er eftirfarandi línu bætt við töfluna undir yfirskriftinni „Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur“.

„Tomato brown rugose fruit virus [ToBRFV]	<i>Capsicum annuum</i> L., að undanskildu fræi sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV. <i>Solanum lycopersicum</i> L. og blendingar af því.	0%“
---	---	-----

2. Eftirfarandi töflu er bætt við í 5. lið í I. lið II. viðauka við tilskipun 2002/57/EB:

„Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur

Ókvíðir skaðvaldar eða einkenni af völdum ókvíðra skaðvalda	Plöntur til plöntunar (ættkvísl eða tegund)	Viðmiðunarmörk fyrir forstofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir stofnfræ	Viðmiðunarmörk fyrir vottað fræ
Tobacco ringspot virus [TRSV00]	<i>Glycine max</i> (L.) Merr.	0%	0%	0%“

3. Í viðaukanum við tilskipun 93/61/EBE er eftirfarandi línu bætt við milli þriðju og fjórðu línu í töflunni „Veirur, veirungar, sjúkdómar áþekkir veirum og sáldvefsbakteríur“:

„Tomato brown rugose fruit virus (ToBRFV)	<i>Capsicum annuum</i> L., að undanskildu efni sem tilheyrir yrki sem þekkt er að hafi þol gegn ToBRFV. <i>Solanum lycopersicum</i> L. og blendingar af því.	0%“
---	---	-----